

## Teymisstjóri

Fulltrúi skólans stjórnar teyminu, nema annað sé ákveðið

Teymisstjóri:

- Sér um fundarboðun og fundarstjórn.
- Sér um eða útdeilir verkefnum til annarra starfsmanna skólans s.s. að safna nauðsynlegum upplýsingum fyrir fundina.
- Heldur utan um öll gögn varðandi barnið þ.m.t. skýrslur og greiningargögn.
- Hefur yfirumsjón með gerð einstaklingsnámskrár eða felur það öðrum starfsmanni skólans.
- Ber ábyrgð á að annað starfsfólk skólans sem hefur með málefni barnsins að gera fái nauðsynlegar upplýsingar um það.
- Skrifar sjálfur eða felur öðrum starfsmanni að skrifa fundargerðir og senda út til allra í teyminu. Á heimasíðu Skóla- og velferðarþjónustu [www.arnesthing.is](http://www.arnesthing.is), má finna eyðublað sem ætlað er fyrir fundargerðir teymis.

## Kostir teymisvinnu:

- Bætt líðan og betra námsgengi barna.
- Allt utanumhald verður auðveldara.
- Aukin samvinna allra aðila sem að málefnum barnsins koma.
- Aukið samræmi í aðgerðum allra hlut- aðeigandi.
- Aukið aðhald fyrir skóla og foreldra.
- Markvissari og árangursríkari vinna með barnið.
- Betri eftirfylgni.



Útgefið af Skóla- og velferðarþjónustu  
Árnesþings, [www.arnesthing.is](http://www.arnesthing.is)



## Teymisvinna í skólum



Blöðungur vegna teymisvinnu í  
leik- og grunnskólum

# Teymisvinna í leik- og grunnskólum

## Af hverju teymisvinna?

Velgengni barna með sérþarfir er að miklu leyti háð samvinnu foreldra, skóla og hinna ýmsu fagaðila er tengjast málum barna.

Lög um leik- og grunnskóla kveða á um eftirlitshlutverk sérfræðipjónustu skóla vegna barna með sérþarfir. Í samræmi við það hafa sérfræðingar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings lagt áherslu á að í skólunum séu mynduð teymi í kringum þau börn sem þurfa stuðning vegna fatlana, námserfiðleika og / eða hegðunar. Stuðningur getur verið veittur tímabundið eða til lengri tíma.

Megintilgangur teymisins er að halda utan um vinnu með barnið í skólanum til að tryggja markvissari samvinnu allra aðila.

## Hvað gerir teymið?

- Heldur utan um mál barnsins og samræmir aðgerðir heima og í skólanum.
- Setur markmið varðandi kennslu barnsins og hefur áhrif á hvernig meta skuli árangur.
- Tekur þátt í mótun og endurskoðun einstaklingsnámskrár.
- Með virkri þátttöku allra í teyminu finnur það leiðir til að bæta hegðun, líðan, félagslega aðlögun og námsárangur barnsins.
- Heldur reglulega fundi og fer yfir stöðu barnsins í skólanum og nærumhverfi þess. Misjafnt er hversu tíðir teymisfundir eru og fer það eftir eðli málsins hverju sinni.
- Kallar eftir utanaðkomandi aðstoð eða ráðgjöf annarra aðila sem ekki sitja reglulega teymisfundi.

## Hverjir sitja í teymi?

Í teymi sitja foreldrar / forráðamenn barns, umsjónarkennari, deildarstjóri, sérkennari og sérfræðingur frá Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

Samsetning teymis fer þó einnig eftir þörfum hverju sinni.

Auk áður nefndra geta komið að teyminu fleiri aðilar. Má þar nefna fleiri úr fjölskyldu barnsins, frá skólanum og / eða öðrum stofnunum er tengjast barninu og fjölskyldu þess.

